



Skólaráðsfundur 14.11.2024

Mættir: Inga skólastjóri, Arngunnur aðstoðarskólastjóri, Fjóla deildarstjóri
tómstundamiðstöðvar, Jóhanna Inga fulltrúi starfsmanna, Sandra Gunnarsdóttir fulltrúi
foreldrafélagsins, Rakel Ósk Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Alexandra Eir Andrésdóttir fulltrúi
foreldra, Katrín Rós fulltrúi nemenda og Elvar Berg Helgason fulltrúi nemenda.

Dagskrá:

- Skólapúlsinn – niðurstöður hjá 6 til 10.bekk kynntar, niðurstöður hjá 2. til 5.bekk hafa ekki borist ennþá þar sem gefin var auka vika í fyrirlögn hjá öllum skólum.
- Skólanámskrá skólans kynnt – verður sett á heimasíðuna eftir umfjöllun skólaráðs.
- Starfsáætlun skólans kynnt- verður sett á heimasíðuna eftir umfjöllun skólaráðs.
- Kynning á niðurstöðum úr íslensku æskulýðsrannsókninni sem okkur bárust í haust. Niðurstöður nokkuð góðar en unnið verður úr þeim með starfsfólki og þeir þættir sem þarf að bæta verða skoðaðir.
- Opinn fundur skólaráðs með foreldrafélaginu – fulltrúar foreldra ætla að ræða við foreldrafélagið og láta okkur vita ef það gengur upp.
- Brunaæfing – sem var 18. okt gekk ekki nógu vel það tók of langar tíma að tæma skólann. Öryggisteymi fundaði eftir æfinguna og er búinn að breyta og bæta ferla til að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig.
- Önnur mál:
- Hjólagrindur, það þarf að girða í kringum malbikaða staðinn þar sem við viljum fá grindur en það er svæði sem nýtist ekkert á skólalóðinni nema það sé girt af. Foreldrafélagið mun ítreka ósk við bæinn.
- Bærinn hefur tekið ákvörðun um að skipta um jarðveg undir grasinu næsta sumar en þar hefur verið pollur og drullusvað síðan þetta var tekið í notkun.
- Umferðamál ekki í lagi, vantar skilti við hringtorgið eða gönguljós. Jafnvel göngubraut? Vegrið? Komið í ferli hjá framkvæmdarsviði, verið að kostnaðargreina það.
- Foreldrafélagið ætlar að athuga með að fá endurskinsmerki fyrir nemendur. Þurfa að fá tölur um fjölda nemenda á hverju aldurstigi.
- Áhugi á því að bjóða foreldri af erlendum uppruna í foreldrafélagið til að fá þeirra sýn á málin.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 16:00

Ingibjörg Magnúsdóttir